

Fundargerð

Kópavogi, 22.3.2017

Tilvísun: 2017-2893

Efni fundar: Fundur fagráðs náms- og gæðamats

Fundarmenn: Arnór Guðmundsson, Katrín Frímannsdóttir, Anna Lind Pétursdóttir, Fjóla Þorvaldsdóttir, Guðbjörg Ragnarsdóttir, Jón Pétur Zimsen.

Fjarverandi: nöfn í stafrófsröð

Fundarritari: Óskar H. Nielsson

Dagskrá fundar:

- a) Breytingar á framkvæmdastjórn MMS.
- b) Samræmd könnunarpróf 2017. Lagt fram minnisblað MMS til Allsherjar- og menntamálanefndar.
- c) Kynning á mati læsisverkefnis (frestað til næsta fundar).
- d) Kynning á niðurstöðum fyrir lesfimi. Tillögur að kynningu á gögnum (frestað til næsta fundar).
- e) Hvað felst í samráði og hvernig á að birta ákvarðanir eftir samráð fagráðs (Guðbjörg) (frestað til næsta fundar).
- f) PISA niðurstöður 2015.
- g) Önnur mál:
 - a. Úrsögn Margrétar Halldórsdóttur úr fagráði.
 - b. Fundargerð síðasta fundar

Fundarmenn kynna sig.

Vegna breytinga á framkvæmdastjórn, þar sem KF hefur tekið við sem settur sviðsstjóri sat AG fundinn. AG les upp bréf frá GJG sem sent var frá GJG til starfsmanna. Fundarmenn fóru jákvæðum orðum um starf GJG og þess starfs sem að hann hafði unnið, þá sérstaklega með tilliti til samskipta við skólasamfélagið. Ítrekar hversu tengsl MMS við skólasamfélagið skipta miklu máli.

FÞ og GR spurðu út í læsisverkefni og ráðgjöf. Umræður. AG nefndi að í upphafi hafi verið gert ráð fyrir meiri þátttöku sveitarfélaga en raunin varð á. KF ásamt öðum fundarmönnum leggur áherslu á að maður á mann leiðsögn skili mestu. Mikil áhersla hafi verið lögð á sveitarfélög utan Reykjavíkur til að byrja með en þetta árið sé áherslan þar. FÞ bendir á að skólasamfélagið kalli eftir ráðgjöf og væntingar hafi verið miklar og að mögulega hafi væntingar verið meiri en efni stóð til, mögulega mikil áhersla á prófapróun, minna á niðurstöður og lestrarþjálfun. ÓHN benti á að rétt væri að taka upp frekari umræður undir lið c.

Lagt fram til umræðu og kynningar minnisblað MMS til Allsherjar- og menntamálanefndar. AG minnst á starf skólanna og starsfólks þeirra í aðdraganda prófanna sem einn af lykilþáttum þess að vel tókst til og það sé miður að það hafi orðið útundan í fjölmiðlaumfjöllun og umræðunni sem skapaðist í kjölfarið. JPZ minnst á samræmt próf og matsviðmið, breytingu á reglugerð og mögulega breytingu á eðli prófanna. AG: Bendir á að ekki sé um eðlisbreytingu að ræða. Bendir enn fremur á að MMRN horfi líka til sjálfstæði framhaldsskólanna til að ráða sínum inntökureglum. Umræður. Ábending frá JPZ um að MMS ræði við MMRN um túlkun á samræmdum prófum þar sem að ekki er tekið tillit til samræmdra könnunarprófa eða matskvarða.

Umræða um innritun framhaldsskólanna og hvort þeir taki tillit til ársгамalla prófa. AG hefur heyrt frá skólum að innritunarreglum sé ekki breytt fyrir eitt ár. Ákveðið samráð er vissulega milli MMS of MRN en taki það ekki til breytinga á reglugerðum og margt ekki gert í samráði við MMS. Enda MMRN ekki sammála túlkun AG á reglugerðinni því MMRN segist ekki vilja binda hendur framhaldsskóla til innritunar og enn fremur, að mikilvægt sé að skólarnir hafi frelsi til að gera eigin reglur. MMRN hélt fram að það samráðsferli sem hefði átt að vera til staðar hafi ekki verið virkjað í þessu tilfelli og í raun hafi annað ferli en MMRN notar vanalega verið notað í þessu tilfelli.

Ákveðið að c) og d) lið dagskrár sé frestað til næsta fundar.

PISA niðurstöður 2015. JPZ ræðir stöðu PISA rannsóknar og vinnuálag og rót í skólum og vöntun á endurgjöf þrátt fyrir mikla vinnu. JPZ leggur fram gögn frá 2012 og lýsir áhyggjum af framkvæmdinni fyrst niðurstöður komi ekki til með að skila sér til skólanna. Og ítrekar ósk sína um niðurstöður

AG fjallar um að kallað hafi verið eftir niðurstöðum á sínum tíma og fallið hafi verið frá því að birta niðurstöður. Skoða má hvort Skólagáttin gæti verið notuð sem miðill þannig að hver skóli fá sín gögn á réttan hátt.

Fundi slitið kl. 09:52.

Næsti fundur: Ekki ákveðin.

ÓHN